



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudaginn 19. júlí 2006

Ákvörðun nr. 32/2006

Samruni Glitnis banka hf. og Kreditkorta ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 21. apríl 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Glitnis banka hf. (hér eftir Glitnir) á 16% hlutafjár í Kreditkortum hf. af Kaupþingi banka hf. (hér eftir KB banki). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 21. mars 2006, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árin 2004 og 2005 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Eftir kaupin á Glitnir 51% hlutafjár í Kreditkortum. Í kaupsamningnum kemur fram að Glitnir öðlist um leið forkaupsrétt að 3,95% alls hlutafjár í Kreditkortum sem nú er í eigu KB banka sem vari í þrjá mánuði frá undirritun kaupsamningsins. Komi ekki til nýtingar hans á Glitnir kauprétt á umræddu hlutafé sem varir í tvær vikur þar til viðbótar. Í umræddum samningi er einnig ákvæði um sölu Glitnis á 18,45% alls hlutafjár í VISA Íslandi – Greiðslumiðlun hf. (hér eftir Greiðslumiðlun) til KB banka og á Glitnir 0,05% hlutafjár í félaginu eftir söluna. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Glitnis á hlut KB banka í Kreditkortum í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 16. maí 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Glitni að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir upplýsingum frá Greiðslumiðlun og Kreditkortum, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins 16. maí 2006. Þá hefur Samkeppniseftirlitið átt viðtöl við nokkra keppinauta á mörkuðunum sem málið varðar. Að því marki sem

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



upplýsingar og viðhorf þessara aðila eru taldar skipta máli fyrir niðurstöðu málssins er um það getið í ákvörðun þessari.

2.

Í samþykktum Glitnis kemur fram að tilgangur félagsins sé að inna af hendi hvers konar fjármálaþjónustu. Félagið má stunda alla fjármálalega starfsemi á grundvelli laga og aðra starfsemi sem tengist því eðlilega. Bankinn lítur á Ísland og Noreg sem sína heimamarkaði en hefur einnig starfsemi í fleiri löndum.

Þá kemur fram í samrunaskránni að tilgangur Kreditkorta sé að reka alhliða greiðslumiðlun, markaðsstarf vegna greiðslumiðla, hvort sem þeir eru gefnir út í nafni félagsins eða af öðrum með leyfi félagsins, að veita viðtöku færslum frá söluaðilum og annast uppgjör við þá, svo og að tengjast öðrum greiðslumiðlunarkerfum, innlendum og erlendum. Ennfremur innheimtustarfsemi, rekstur umboðsskrifstofu, m.a. fyrir erlend greiðslumiðlunarfélög, og annar skyldur rekstur og rekstur fasteigna. Einnig er tilgangur félagsins að veita lán í eigin nafni og að afla sér fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, útgáfa hvers konar greiðslumiðla, og að veita alla þá þjónustu sem starfseminni tengist.

3.

Á Íslandi eru tvö sjálfstæð greiðslukortafyrirtæki. Kreditkort sem hafa umboð og heimild til útgáfu greiðslukorta tengd vörumerkjum MasterCard og Maestro og Greiðslumiðlun sem hefur umboð og heimild til útgáfu greiðslukorta tengd vörumerkjum VISA og Electron. Bæði þessi félög annast færsluhirðingu á Íslandi, hvort fyrir sín vörumerki. Auk þeirra er einn annar aðili, PBS A/S frá Danmörku, sem annast færsluhirðingu vegna greiðslukorta á Íslandi. Glitnir átti fyrir kaupin á hlut KB banka 35% hlutafjár í Kreditkortum og 18,5% hlutafjár í Greiðslumiðlun.

Í samrunaskránni segir þar sem lýst er markmiði með samrunanum, að Glitnir hafi áhuga á að einbeita sér að rekstri eins greiðslukortafyrirtækis í góðu samstarfi við aðra eigendur félagsins og telji það líklegra til árangurs, m.a. í þjónustuþróun og harðnandi samkeppni. Hins vegar beri að hafa í huga að samkvæmt reglum MasterCard kerfisins megi færsluhirðingarfyrtæki eins og Kreditkort ekki mismuna útgefendum korta með neinum hætti, þar með talið á grundvelli eignaraðildar. Samtímis kaupunum í Kreditkortum selji Glitnir nánast allt hlutfé sitt í Greiðslumiðlun en haldi þó eftir 0,05% hlutafjár. Til þess að veita viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu muni Glitnir áfram gefa út kort frá Greiðslumiðlun. Í ljósi framangreinds og í ljósi þess að Kreditkort séu aðeins með 27-30% markaðshlutdeild sé ekki hægt að sjá fyrir nein sérstök áhrif á greiðslukortamarkaðnum vegna samrunans. Að mati Glitnis er eignaraðild að tveimur greiðslukortafyrirtækjum óhentugt í núverandi samkeppni meðal annars með tilliti til vörubrúnar. Kreditkort verði rekið áfram sem sjálfstætt félag og gert sé ráð fyrir að núverandi meðeigendur haldi í meginatriðum sínum hlutum í félaginu. Glitnir eigi nú 51% í félaginu og kauprétt á 3,95% til viðbótar. Því verði ekki um breytingar að ræða í efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu félaganna. Kreditkort verði hins vegar hluti af samstæðureikningssskilum Glitnis eftir kaupin.



4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist.

Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Tilvist markaðsráðandi stöðu má leiða af ýmsum þáttum, sem ekki geta talist ráða úrslitum einir og sér.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Glitnis og Kreditkorta á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn sé líklegur til að valda röskun á samkeppni.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 21. mars 2006, fór hlutur Glitnis banka hf. yfir helming hlutafjár í Kreditkortum hf. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson